

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

30. október 2014

6. fundur

Staðsetning: ÍR – heimilinu kl. 20.30-22.51

Mættir: Sigurður Þórir, Daði, Davíð, Theódór, Halldór og Ómar

Boðuð forföll: Kristján

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Þýskalandsferð

Gekk mjög vel. Höfum heyrt ánægjuraddir.

Ferðatilhögun gekk mjög vel. Fyrirlestrar hjá Mainz virkilega góðir.

Skemmtilegt að skoða svæðið í Dortmund. Hefði mátt vera aukadagur.

Gerum athugasemdir við Icelandair vegna hótels í Dortmund.

Góðar umræður og skemmtilegur hópur. Menn voru virkir að spyrja fyrirlesara. Endurtaka svona ferð á hverju ári.

Gert hlé á fundi þar sem Halldór kemur með kjúkling og meðlæti.

3. Aðalfundur KÞÍ í nóvember

Fundarstjóri Bjarni Stefán Konráðsson

Auglýsing farin út.

Reikingar á leið til skoðunarmanna.

4. Þjálfarar ársins í kvenna og karla

Rúnar Páll Sigmundsson – DSJ talar við hann

Ólafur Guðbjörnsson – DR talar við hann

5. Viðurkenning fyrir vel unnin störf í yngri flokkum

Þórður Einarsson Leikni fyrir vel unnin störf í yngri flokkum í Breiðholti – allir sammála. Dóri heyrir í.

Jón Hálfván Pétursson fyrir vel unnin störf í yngri flokkum á Ísafirði - allir sammála. HH heyrir í.

Kjartan Stefánsson fyrir vel unnin störf í yngri flokkum kvenna hjá Fylki – allir sammála. HH heyrir í.

Aðrar tilnefningar ræddar og fundarmenn sammála um að mæla með þremur ofangreindum þjálfurum að þessu sinni.

6. Gull og silfurmerki KPÍ

Rætt um verðlaunahafa sem hafa ekki fengið merkin sín. Stjórnarmeðlimir skipta með sér að heyra í þeim sem þarf að ná í.

DSJ ætlar að kynna sér Matthías Hallgrímsson.

7. Ráðningarsamningur

Lögfræðingur hefur lokið verki. Stjórnarmenn lesið yfir. Þurfum að láta fleiri lesa hann. Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA vill t.d. fá að lesa hann yfir. Láta Eggert Steingrímsson skoða. Setjast yfir hann með ÍSÍ. Verkefni nýrrar stjórnar að klára fyrir áramót.

Lagt til að KPÍ haldi námskeið í samningatækni og skattaskilum eftir áramót þegar samningurinn er tilbúinn.

8. Erfið mál

DR og HH leggja fram ferli sem er samþykkt á fundinum. Fá umboð fundar til að hafa samband við lögfræðistofu og sálfræðinga og klára ferlið.

9. Gjöfin til þjálfara

N1 ætlar að styrkja félagið og senda út gjöfina fyrir aðalfund.

10. Önnur mál

- Þjálfaranámskeið, SPÞ kynnti á námskeiðunum undanfarnar helgar, DR kynnrir um næstu helgi. TS og HH í lok nóvember og desember.

- AFCA ráðstefnan í Króatíu 9. -12. desember. Sigurður Þórir og Kristján Guðmundsson fara fyrir hönd KPÍ.
- Rætt um að setja upp styrki fyrir helstu ráðstefnur, AFCA, norsku og bandarísku þjálfararáðstefnurnar.
- Davíð veltir því upp hvort þjálfarafélagið geti samið við fyrirtæki á borð við Sideline fyrir hönd félagsmanna? DSJ talar við SL. Getur þjálfarafélagið náð í góðan afslátt fyrir félagsmenn í líkamsrækt. SÞÞ talar við World Class.

Lengsta fundi í sögu KPÍ slitið kl. 22.51.